

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag orlofshúsabyggðar við Selvík á spildu úr landi Öndverðaness í Grímsnesi.

Gert er ráð fyrir 11 nýjum byggingarreitum fyrir frístundahús á landi Landsbankans við Selvík, vestan og suðvestan við núverandi sumarhús. Heimilt verður að reisa allt að 200 m² frístundahús með 6 m mænishæð og 4,5 m vegghæð að hámarki. Heimilt er að vera með kjallara og svefnloft þar sem aðstæður leyfa.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. október 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2007